

Kennsluáætlun

Bekkur: 9. og 10. bekkir

Námsgrein: 15% val

Kennarateymi: Björgvin Ívar Guðbrandsson, Dögg Lára Sigurgeirsdóttir, Elísabet Steinarsdóttir, Fjóla Kristín Nikulásdóttir, Harpa Stefánsdóttir, Hjalti Halldórsson, Jóhanna Björk Daðadóttir, Jón Karl Jónsson, Oddur Ingi Guðmundsson, Steinunn E. Benediktsdóttir, Þorleifur Örn Gunnarsson.

Kennsluáðferðir/vinnulag:

Val í 9. og 10. bekkjum - 15% verkefni

Hluti af því að undirbúa nemendur fyrir framtíðina er að gera þá meira ábyrga fyrir námi sínu. Með því að opna fyrir sjálfræði nemenda yfir vali sem kallað er 15% verkefni er höfðað til áhuga þeirra og forvitni ásamt því að sköpunarkrafturinn fær farveg í viðfangsefnum. Nemendur fá frelsi til að ákveða hvað þeir læra og hvernig; hvar þeir dýpka þekkingu sína og færni og hvernig þeir gera skil á verkefnum. Sérstök áhersla er lögð á lykilhæfni aðalnámskrár; ábyrgð og mat á eigin námi, skapandi og gagnrýnin hugsun ásamt tjáningu og miðlun.

Við val og þróun verkefna fara nemendur og kennarar í ákveðið ferli með hugmyndasmiðju og hönnun verkefna þar sem nemendur setja sér markmið og koma auga á tækifæri og áskoranir sem þeir standa frammi fyrir. Nemendur skulu halda dagbók meðan á verkefninu stendur og um miðbik hvers tímabils er gert myndband um verkefnið, svokölluð lyftusöluræða.

Nemendum er skipt í námshópa sem starfa undir handleiðslu kennarateyma og hafa eðli verkefna áhrif á hópaskipulag. Skólaárinu er skipt í þrennt þar sem verkefnum eru gerð skil með kynningu til að ljúka hverju tímabili. Þá tekur við nýtt tímabil með nýju verkefni eða áframhaldandi verkefnavinnu ef svo ber undir.

15% verkefnin eru að umfangi 5 kennslustundir á viku og er mætingarskylda í 3 þeirra.

Námsmat:

Nemendur kynna verkefni sín, námsferli, afurð og kynning.